



# Skýrsla, álit Björns Björnssonar og Gunnars Viðar á hvaða ráðstafanir þyki tiltækilegar til að forðast frekari rýrnun verðgildis íslensku krónunnar í ágúst 1944

---

Bjarni Benediktsson – Skýrsla, álit Björns Björnssonar og Gunnars Viðar á hvaða ráðstafanir þyki  
tiltækilegar til að forðast frekari rýrnun verðgildis íslensku krónunnar í ágúst 1944

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í tilefni af því, að samninganefnd miðstjórnar Sjálfstæðisfloksins hefir beðið okkur undirritaða að láta í ljós álit okkar á því, hvaða ráðstafanir þyki ~~x~~ tiltakleggt til að forðast frekari rýrnun verögildis íslenzku krónunnar, samtímis því, hvernig snúast beri við vantanlegu viðhorfi við striðslok, viljum við taka fram eftirfarandi:

Það er kunnugt, að með þeim ráðstöfunum, sem hingað til hafa verið gerðar, hefur ekki verið hagt að hafa að fullu hemil á verðbólgunni. Má í þessu sambandi benda á það, eftir fyrstu ráðstafanir, sem núverandi ríkisstjórn gerði í þessum efnum, hefur vísitalan stöðugt stefnt í hækjunar átt þó að bæði hafi miklu fé verið varið úr ríkissjóði til "að greiða niður dýrtíðina" og hinsvegar verið gerðar ráðstafanir, sem vart hafa getað talist annað en falsanir á vísitolunni (sbr. herra verð á kartöflum og saltkjöti í kauptíð en endranær og lækkað verð á vörum, sem hafa ekki fengist fyrir það verð t.d. smjöri og eggjum, og herra verð um miðbik mánaðar en um mánaðamót o.s.frv.). Það er og vist, að á hausti komanda hækkar framfærsluvísitalan að nokkrum mun sökum hækkaðs verðs landbúnaðaráfurða, ef byggt verður á þeim grundvelli, sem lagður var með löggjöfinni um sexmannanefndina o.fl.

Að því er kaupgjaldið snertir er kunnugt, að eftir hina almennu grunnkaupshækkun, sem fram fór um mitt ár 1942 hafa ýms stéttarfélög komið fram nýjum

grunnkaupshækjunum og að nú standa fyrir dyrum kröfur frá ýmsum öðrum stéttarfélögum, sem fara í sömu átt. Verður því ekki annað séð, ef ekki verða gerðar nýjar og markvissar ráðstafanir, að verðbólgan aukist enn að mun á næstunni, þaði sökum hakkaðs afurðaverðs og vegna grunnkaupshækkanas.

Nú munu menn sammála um, að askilegt væri að hindra frekari verðbólgu, þaði vegna þess að stöðugt verðgildi peninganna er það, sem keppa ber að, að verðið á útflutningsvörum vorum er eins og sakir standa að mestu leyti fast ákveðið, og þar af leiðandi viðbúið, að minnstakostí einhverjar greinar útflutningsframleiðslunnar þoli ekki þá aukningu framleiðslukostnaðarins, sem veruleg hækjun á kaupgjaldi hefði í för með sér. Auk þess má búast við, að loka Evrópustyrjaldarinnar sé ekki langt að biða, og má þá telja vist, að verðfall á ýmsum af útflutningsvörum vorum sé brátt yfirvofandi.

Af framansögðu er ljóst, að viðfangsefni það, sem hér er til umræðu er tvípatt: Annarsvegar að koma í veg fyrir frekari verðlagshakkun innanlands og hinsvegar að vera viðbúinn að mæta þeirri verðlækkun útflutningsvaranna, sem búast má við á næstunni.

Sem úrræði í þessum málum hefur verið bent á, að stofna nefnd með nokkurskonar alraðisvaldi í verðlags- og kaupgjaldmálum. Vafalaust væri þetta skref framför frá því, sem nú er, og yrði að teljast nauðsynlegt, ef aðrar ráðstafanir yrðu ekki gerðar. Hinsvegar vilja

menn benda á það, að með þessu yrði einni nefnd fengið óhemju valdssvið og mjög örðugt viðfangsefni. Væri því naumast við að búast, að hún gæti leyst verk sitt svo vel fari. Auk þess snertir úrskurður hennar svo mjög beina hagsmuni allra, að mjög er hætt við, að ágreiningur risi um starfssemi hennar, og henni skapist óvinsaldir, er brátt geri hana í framkvæmdinni óstarfhæfa, enda er hæpið að hægt sé að gefa slíkri nefnd fyrirfram ótvírað, hlutlæg sjónarmið, sem farið verði eftir.

Varðandi stöðvun verðbólgunnar er aðallega um tvennt að ræða, þ.e.a.s. hvort að reyna ætti að stöðva verðlagið á því stigi, sem það nú er, framfærsluvísitala ca. 266, eða hvort að taka ætti þeirri hakkun, sem fyrirsjáanlega verður í haust. Ætla má, að verðhakkun landbúnaðarafurða, sökum aukins framleiðslukostnaðar nemi ca. 12%, en sú hakkun samsvarar ca. 11 vísitölustigum, og ef hætt væri að greiða verðuppbætur á landbúnaðarafurðir, myndi vísitalan af þeim orsökum hakkka um nálægt 20 stig. Gera má þá ráð fyrir, að ef verðhakkun landbúnaðarvaranna kemur til framkvæmda og hætt yrði að greiða verðuppbætur, að framfærsluvísitalan væri fyrst í stað upp í nær því 297 stig, en sú hakkun myndi brátt draga eftir sér aðrar hakkanir, svo að sennilegt má telja, að vísitalan fari upp fyrir 300 stig.

Eftir því, sem áður hefir komið fram (sbr. frystihuðin) má telja líklegt, að sumar greinar útflutningsatvinnuveganna að minnsta kosti þyldu ekki þá hakkun á xíxi vinnukaupi, sem leiða myndi sí framansögðu, jafn-

vel þótt verð útflutningsvaranna héldist óbreytt, hvað þá heldur, ef þær fíllu í verði. Af því má vera ljóst, að askilegt er, og jafnvel nauðsynlegt, að komið verði í veg fyrir frekari hækjun verðlagsins innanlands en orðin er, auk þess, sem raunhæfar ráðstafanir gagnvart verðbólgunni eru að sjálfsögðu betur gerðar fyrr en síðar.

Okkur þykir rétt að gera nokkra grein fyrir, hvernig stöðvun vísítölunnar á núverandi stigi myndi verka.

Eins og nú standa sakir, nemur verð landbúnaðarvaranna ca. 3500 kr af heildarútgjaldappað þeirri - rúml. 10.000 kr. -, sem vísitalan miðast við. Ef vísitalan hækkaði um rúm 30 stig, eins og gert var ráð fyrir hér að framan, myndi verð landbúnaðarvaranna hækka um ca. 1200 kr. og væri þá komið upp í ca. 4700 kr. Ef færa atti þá hækjun aftur að fullu til baka, án nekkurra uppbóta til bónadans, myndi það samsvara því, að landbúnaðarafurðirnar væru lækkaðar um ca. 25%, og þá bruttótekjur bónadans að sama skapi, en samkvæmt útreikningi þeim, er sexmannanefndin byggði á myndi þá láta nærri, að kaup bónadans sjálfs lækkaði um ca. 50% frá því, sem það atti að verða í ár, samkvæmt nefndum útreikningi. Kaup bónadans var 1943 reiknað kr. 14.500, -, en telja má líklegt að það yrði nú nálegt kr. 16.000, -, ef hin umrædda verðhakkun landbúnaðarafurða kæmi til framkvæmda. Ef gert er ráð fyrir, að verðuppbæturnar yrðu látnar haldast, en

vantanleg verðhækkun á landbúnaðarafuröum í haust ekki látin koma til framkvæmda myndi það rýra bruttotekjur bónans um ca. 9%, samkvæmt reikningum meðalbúsins og þá nettótekjur hans um ca. 18%, eða lækka tekjur hans úr ca. 16.000,- kr í ca. 13.100,- kr.

Rétt þykir að benda á það, að þær tölur, sem hér hafa verið tilfærðar miðast við meðalbú, samkvæmt niðurstöðum landbúnaðarvísitölunefndar. Hjá einyrkjum myndi nettótekjurýrnunin vera hlutfallslega minni, og ekki miklu meiri en brúttótekjurýrnunin, en hjá stórbandum gæti því verið öfugt farið, en þær fer þó afkoman mjög eftir aðstöðu til framleiðslunnar, vélarnotkun o.s.frv.

Auk þess er rétt að taka það fram, að tekjur bónans í ár má að mestu leyti skoða sem tilfallnar á þessu hausti, en skuli varið til framfærslu og reksturs til jafnlengdar næsta haust. Ef því á þessu tímabili verður um lækkað verö á neyzluvörum og til kostnaði að ræða, svo sem búast mætti við, ef striðinu yrði braðlega lokið, yrði raunveruleg tekjulækkun bónans minni, en sagt var hér að framan, eða gæti horfið með öllu.

Af því, sem nú hefir verið sagt, leiðir það, að orkað gæti tvímalis, hvort líta atti svo á, að það, að verðhækkun landbúnaðarafurða í haust yrði ekki látin koma til framkvæmda, krefðist samsvarandi fórnar af hendi annara stétta, t.d. launastéttanna. Ef líta bari

svo á, að hér væri raunverulega um fórn að ræða, sem krefðist mótfórna, gæti einhver grunnkaupslækkun verið nauðsynleg, t.d. 5 - 10%. Hvort sem slík grunnkaupslækkun fer fram eða ekki, þarf að sjálfsögðu að fara fram einhver jöfnun á grunnkaupi, þaði til að jafna þær vinnudeilur, sem nú standa yfir og í aðsigi eru eða koma kunna. Væri þá eðlilegast, að slík jöfnun yrði framkvæmd af gerðardómi, sem skipaður væri til þessa, og hefði úrskurður hans gildi jafn lengi og aðrar þær ráðstafanir, sem gerðar varu samkvæmt vantanlegum samningum um stjórnarmyndun, t.d. tvö ár.

Ef að horfið væri að grunnkaupslækkun, yrði að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess, að atvinnurekendur högnumust ekki á henni, nema síður væri, því að þeirra tekjur ættu, til þess að jafnvægi héldist, að falla þeði að krónutölu og raunverulega. Lægi þá næst, að því er útflutningsatvinnureksturinn snertir, að leggja á útflutningsgjald, sem samsvaraði grunnkaupslækkuninni. Ef t.d. væri um að ræða 10% grunnkaupslækkun, en kaupgjaldið væri helmingur til kostnaðarins, ætti þetta aukautflutningsgjald að nema minnst 5%. Á sama hátt yrði og að þrýsta niður álagningu iönaðar- og verzlunarfyrtækja á innlendum markaði, sem þó í ýmsum greinum yrði að fara eftir því, hve vinnukostnaður er mikill hluti af reksturskostnaði fyrirtækisins. Híð sama yrði að ske gagnvart töxtum, hverju nafni sem nefnast, svo sem saumalaunum, bílförum o.fl. Lægi næst að fela allar slíkar ráðstafanir verðlagseftirlitini.

Allar þær framkvæmdir verðlagseftirlitsins yrðu, svo sem að framan var drepið á, að miðast við það, að tekjur atvinnurekenda lakkuðu raunverulega í samræmi við grunnkaupslakkunina.

Ef að hinsvegar þatti ekki þörf neinna grunnkaupslakkanna til að vega upp á móti því, að landbúnaðaráfurðirnar yrði ekki hækkaðar í haust, væri þó nauðsyn að grunnkaupsjöfnun og -stöðvun fari fram, svo sem að framan segir. Hins vegar kæmi þá að sjálfsögðu ekki til framkvæmda þær aðrar ráðstafanir, sem nefndar voru (útflutningsgjald o.fl.).

Hér að framan höfum við rætt um ráðstafanir þær, er okkur virðast helst koma til greina til að stöðva verðbólguna á núverandi stigi hennar, og haldið okkur innan við þær skorður, sem ekkur eru settar af því verði, sem nú eru á útflutningsafurðunum. Ær þé komið að örum þætti þessa viðfangsefnis, sem hér er til umræðu, þ.e. að vera viðbúinn þeirri verölakkun útflutningsvaranna, sem búast má við að stríðinu loknu.

Það latur að líkum, að ef gerður er samningur um stjórnarmyndun, t.d. til tveggja ára, að verð á útflutningsvörum vorum myndi lækka all verulega á því tímabili. Hins vegar miða ráðstafanir þær, er nefndar hafa verið hér á undan aðeins að verölagsstöðvun og taplega það (meðalvísitala í ár harri en í fyrra), sérstaklega ef grunnkaupslakkun kemur ekki til greina nú þegar. Það má því telja nárrí vist, að

bótt framleiðsluvísitalan lækkaði nokkuð sökum verðlækkunar á innfluttum vörum, myndi myndast ósamræmi milli verölags á útflutningsafurðunum og kaupgjaldsins við framleiðslu þeirra, sem yrði til þess, að útflutningsatvinnuvegirnir stöðvuðust að meira eða minna leyti. Í þessu sambandi geta þess, að okkur hefir reiknast til við lauslega athugun, að verðhækjun á innfluttum vörum valdi ca. 50 visitölustigum af þeim 166, sem verðlagið hefir hækkað um síðan í striðsbyrjun (pr. 1.ág.1944). Hins vegar nemur verðmunurinn á landbúnaðarafurðum á sama tíma, þrátt fyrir niðurgreiðslurnar, beint 65 visitölustigum. (Hækjun erlendu varanna í visitölureikningnum frá fyrsta ársfjórðungi 1939 nemur ca. 174% en innlendra landbúnaðarafurða 256%). Óhátt er því að fullyrða, að með þeim grundvelli, að verðlagningu landbúnaðarafurða, sem lagður var með löggjöfinni um skipun sexmanna-nefndarinnar, er hæð kaupgjaldsins ekki eins sveigjanleg og nauðsyn bæri til.

Nú erum við sannfærðir um það, að ef gera atti ráðstafanir, sem miðuðu lengra fram í tímann, væri ekki um annað að ráða en láta verð landbúnaðarafurðanna sem næst fylgja heimsmarkaðsverðinu. Sem ráðstöfun, er miðaðist við striðslokin og næsta tímabil þar á eftir yrði þetta þó ~~xxvii~~ vafalaust of stórt stökk, og vildum við því benda á aðra leið, er tryggði nekkurn sveigjanleika kaupgjaldsins, en kæmi jafnar og mykra niður.

Til þess að sveigja kaupgjald og verðlag landbúnaðarafurða til nokkurs samræmis við verðlag útflutningsvara og afkomu útflutningsatvinnuveganna, álíttum við að þurfi nýjar ráðstafanir, sem þó yrði hagað á mismunandi hátt gagnvart kaupgjaldi annarsvegar og verðlagi landbúnaðarafurða hins vegar.

Fyrsta skrefið yrði að láta reikna mánaðarlega útverðvisitölu útflutningsvara. Myndi þar hver útflutningsvörutegund hafa áhrif á heildarvisítöluna eftir hlutfallslegri þýðingu hennar í útflutningnum, en að öðru leyti teljum við ekki ástæðu til að fara nánar "tekniskt" inn á byggingu hennar, sem að sjálfsögðu yrði falin Hagstofunni, aða örnum óhlutdragum aðila.

Þessa vísitölu höfum við síðan hugsað okkur að láta orka á grunnkaipið þannig, að við lækjun hennar um 3% lækkaði grunnkaup um 1%. Á það grunnkaup yrði svo greidd verðlagsuppbót mánaðarlega eftir vísitölu framfærslukosínaðar, eins og verið hefir. Þó teljum við af ýmsum ástæðum rétt, að útflutningsverðvístalan, þrátt fyrir það að hún sé reiknuð út mánaðarlega, orki ekki á grunnkaipið nema ársfjórðungslega, þannig að t.d. meðaltal útflutningsverðvisítolu 1. ársfjórðungs ákveði grunnkaup 2. ársfjórðungs o.s.frv.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um áhrif þessa fyrirkonulags má nefna það, að síðasta ársverðvístala útflutnings er frá 1942, og var mikil hún 329 miðað við 100 árið 1935 og er ekki ástæða til að atla að hún hafi breyst til verulegra muna síðan. Lækjun þeirrar

tölu niður í 100 myndi með framangreindu fyrirkomulagi fára grunnkaupið niður um ca. 23%, en það samsvarar niðurfarslu úr 130 í 100, eða því sem nast, að hin almenna grunnkaupshakkun, sem fram fór á árinu 1942 væri vari aftur burtu numin.

Gagnvart verðlagi landbúnaðaráfurða hugsum við okkur, að farið yrði eftir útflutningsverðvísítölunni á sama hátt og gagnvart kaupgjaldinu. Þá eri þá, ef verð landbúnaðaráfurða yrði t.d. ákveðið í haust óoreytt, að skoða það sem grunnkaup að viðbættri þeirri vísítölu framfærsluvísítölu, er þá gilti. Útflutningsverðvísítalan yrði þá látin orka á þetta grunnkaup eða grunnverð í sama hlutfalli og grunnkaup launþega. Hins vegar vari þar ekki hægt að beita framfærsluvísítölunni, sem eins og áður var drepið á byggist til mikilla muna á verðlagi innlendra landbúnaðaráfurða, sem með núverandi fyrirkomulagi fylgja ekki verðsveiflum markaðsina. Virðist okkur því að verðlagsuppbót landbúnaðaráfurða eigi ekki að miðast við vísítölu framfærslukostnaðar, eins og hún er í Reykjavík, heldur við verðlag á innflutum vörum. Þó myndi ekki rétt að miða við verðlag innfluttra vara, í þeim hlutföllum, er þær koma fyrir í framfærslukostnaðarvísítölunni, því að þau eru miðuð við þarfir kaupstaðabúa, heldur þári að miða við hlutföll, er meira veru í samræmi við þarfir bænda, sem meðal annars nota fóðurvörur o.p.h.

Þessu fyrirkomulagi yrði að beita á sama hátt og

gagnvart kaupgjaldinu: Grunnkaupsbreyting ársfjórðungslega eftir á, en verðlagsuppbót mánaðarlega. (Af hendi þeirra, er kaupa afurðir bænda að haustlagi til að selja þær síðar, yðði þá um einhverskonar "akonto"-greiðslur að raða, sem óþarfi er að fara nánar út í hér).

Nú mætti ef til vill segja, að þessi lausn yrði nokkuð viðamikil, þar sem enn ein vísitala kemmi til sögunnar. Hugsanlegt væri líka að miða eingöngu við útflutningsverðvísitöluna og láta verð landbúnaðarafurðanna þá lækka í beinu hlutfalli við hana, þannig að 1% lækkun útflutningsverðvísitölnar ylli 1% lækkun landbúnaðarafurða, en þó eftir á ársfjórðungslega, eins og í hinu tilfellinu. Til frekari glöggvunar á þessu viljum við benda á, að ef hlutfallið á milli verðlækkunar útfluttra og innfluttra vara væri það, að útfluttar vörur lækkuðu um 5% samtímis því að innfluttar vörur lækkuðu um 4% myndi útkoman vera nálegra sú sama, hvor aðferðin, sem notuð væri. En betta verðlækkunarhlutfall mætti telja sennilegt, miðað við verðbreytingar þær á innflutnum vörum annarsvegar og útfluttar vörur hinsvegar, sem orðið hafa frá stríðsbyrjun. Þó að þessi lausn væri í sjálfu sér einfaldari, myndi hún þó tæplega vera eins framkvæmanleg pólitískt eins og sú fyrri, sem kann að virðast hliðstaðari lækkun kaupgjaldsins.

Ákveða yrði sérstaklega að hve miklu leyti verðlækkun landbúnaðarafurðanna atti að koma fram í lækkun

markaðsverðs þeirra og að hve miklu leyti í minkuðum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, en það myndi að sjálf sögðu nokkuð tefja lækkun vísitölunnar.

Við viljum taka það fram, að samtímis þeim aðgerðum, er við höfum nefnt, ætti útlánastarfsemi bankanna að vera rekin á varfærinn og hömlubundinn hátt á þessu tímabili. En þar sem þetta atriði heyrir ekki undir stjórnarathafnir eða löggjöf, teljum við óþarfi að fjölyrða um það í þessu sambandi.

Okkur þykir rétt að geta þess, að ef ekki verða gerðar einhverjar sliðar ráðstafanir, sem að framan eru nefndar til að laikka framleiðslukostnaðinn, samhliða vantanlegu verðfalli útflutningsafurðanna, yrði annaðhvort um að ráða taprekstur samfara mjög óhagstæðum verzlunarjöfnuði eða gengislakkun, sem nema þyrfti ca. 50%. Hins vegar viljum við ekki halda því fram, að þó að þær leiðir væru farnar, sem við höfum bent á, þyrfti af því að leiða, að innanlands verðlag og kaupgjald yrði þrýst niður fyllilega til samræmis við verðlag og kaupgjald í þeim löndum, sem verða okkar helztu viðskiptalönd. Einhver gengislakkun gati komið til greina, en hún yrði líka vafalaust framkvæmanlegri en ella, þar sem hún yrði ekki skoðuð sem andstæðhagsmunum launþega, því að grunnkaupslakkun og vísitölulekkun yrði að sama skapi minni, sem gengið væri lægra.

Að endingu viljum við taka það fram, að Þær ráðstafanir, sem við hér höfum stungið upp á, eru miðuð við stríðslekin og

tvö ár, meðan verið er að beygja út úr því óvanalega  
ástandi, sem ríkt hefur að undanförnu. Okkur þykir  
ekki líklegt, að þar séu framlengingarhafar að því  
tíma bili loknu.

Reykjavík í ágúst 1944.

Gunnar Viðar      Björn Björnsson.